

**Nd.**

**84. Frumvarp til laga**

[72. mál]

um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

**I. KAFLI**

**um skipun prestakalla og prófastsdæma.**

1. gr.

Prestaköllum og prófastsdæmum skal skipað þannig:

**I. Norður-Múlaprófastsdæmi:**

1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn.  
Prestssetur: Skeggjastaðir.
2. Hof í Vopnafirði: Hof- og Vopnafjarðarsóknir.  
Prestssetur: Hof.
3. Egilsstaðir: Egilsstaða-, Hofteigs- og Eiriksstaðasóknir.  
Prestssetur: Egilsstaðir.
4. Eiðar: Eiða-, Hjaltastaða-, Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir.  
Prestssetur: Eiðar.
5. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar-, Áss-, Vallaness og Þingmúlasóknir.  
Prestssetur: Valþjófsstaður.

6. Desjamýri: Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.  
Prestssetur: Desjamýri.
7. Seyðisfjörður: Seyðisfjarðar- og Klyppstaðasóknir.  
Prestssetur: Seyðisfjörður.

II. *Suður-Múlaprófastsdæmi:*

8. Norðfjörður: Norðfjarðar- og Brekkusóknir.  
Prestssetur: Neskaupstaður.
9. Eskifjörður: Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.  
Prestssetur: Eskifjörður.
10. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.  
Prestssetur: Kolfreyjustaður.
11. Heydalir: Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.  
Prestssetur: Heydalir.
12. Djúpivogur: Djúpavogs-, Beruness- og Berufjarðarsóknir og Hofssókn í Álfafirði.  
Prestssetur: Djúpivogur.

III. *Skaftafellsprófastsdæmi:*

13. Bjarnanes: Bjarnanes-, Stafafells- og Hafnarsóknir.  
Prestssetur: Bjarnanes.
14. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar- og Brunnhólssóknir og Hofssókn í Örafum.
15. Klaustur: Prestsbakka-, Kálfafells-, Grafar- og Langholtssóknir.  
Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
16. Vík: Víkur-, Reynis- og Þykkvabæjarsóknir.  
Prestssetur: Vík.

IV. *Rangárvallaprófastsdæmi:*

17. Skógar: Eyvindarhóla-, Ásólfskála- og Stóradalssóknir.  
Prestssetur: Skógar.
18. Bergþórshvoll: Akureyjar- og Krossóknir.  
Prestssetur Bergþórshvoll.
19. Breiðabólstaður: Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir.  
Prestssetur: Breiðabólstaður.
20. Oddi: Odda-, Stórolfshvols- og Keldnasóknir.  
Prestssetur: Oddi.
21. Kirkjuhvoll: Skarðs-, Haga-, Marteinstungu-, Kálfhólts-, Háþéjar- og Árbæjarsóknir.  
Prestssetur: Kirkjuhvoll.

V. *Árnessprófastsdæmi:*

22. Hrúni: Hrúna-, Tungufells-, Hrepphóla- og Stóra-Núpssóknir.  
Prestssetur: Hrúni.
23. Skálholt: Skálholts-, Ólafsvalla-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfa-  
staðasóknir.  
Prestssetur: Skálholt og Torfastaðir.
24. Mosfells í Grímsnesi: Mosfells-, Stóruborgar-, Búrfells-, Miðdals- og  
Úlfjótuvatnssóknir.  
Prestssetur: Mosfell.
25. Selfoss: Selfoss-, Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingahlotssóknir.  
Prestssetur: Selfoss.
26. Eyrarbakki: Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.  
Prestssetur: Eyrarbakki.

27. Hveragerði: Hveragerðis-, Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.  
Prestssetur: Hveragerði.

VI. *Kjalarnessprófastsdæmi:*

28. Grindavík: Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir.  
Prestssetur: Grindavík.
29. Útskálar: Útskála- og Hvalsnessóknir.  
Prestssetur: Útskálar.
30. Keflavík: Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.  
Prestssetur: Keflavík.
31. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðarsókn.  
Prestssetur: Hafnarfjörður.
32. Garðar: Garða-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir.  
Prestssetur í Garðahreppi.
33. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells-, Þingvalla- og Viðeyjarsóknir.  
Prestssetur: Mosfell.
24. Reynivellir: Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.  
Prestssetur: Reynivellir.
- 35.—36. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.  
Prestssetur: Vestmannaeyjar.

VII. *Borgarfjarðarprófastsdæmi:*

37. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar-, Leirár- og Innra-Hólmssóknir.  
Prestssetur: Saurbær.
38. Akranes: Akranessókn.  
Prestssetur: Akranes.
39. Hvanneyri: Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.  
Prestssetur: Staðarhóll.
40. Reykholt: Reykhólts-, Stóra-Áss-, Gilsbakka- og Siðumúlasóknir.  
Prestssetur: Reykholt.
41. Stafholt: Stafhólts-, Hjarðarhólts-, Hvamms- og Norðtungussóknir.  
Prestssetur: Stafholt.
42. Borg: Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir.  
Prestssetur: Borg.

VIII. *Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi:*

43. Miklaholt: Rauðamels-, Kolbeinsstaða-, Staðarhrauns-, Breiðabólsstaðar- og Narfeyrarsóknir.  
Prestssetur: Söðulsholt.
44. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða-, Hellna- og Fáskrúðabakkasóknir.  
Prestssetur: Staðastaður.
45. Ólafsvík: Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.  
Prestssetur: Ólafsvík.
46. Setberg: Setbergs- og Grundarfjarðarsóknir.  
Prestssetur: Grundarfjörður.
47. Stykkishólmur: Stykkishólms-, Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknir.  
Prestssetur: Stykkishólmur.
48. Kvennabrekka: Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snókdals- og Hjarðarholtssóknir.  
Prestssetur: Kvennabrekka.
49. Hvoll: Staðarhóls-, Skarðs-, Dagverðarness-, Staðarfells- og Hvammsóknir.  
Prestssetur: Hvoll í Saurbæ.

IX. *Barðastrandarprófastsdæmi:*

50. Reykhólar: Reykhóla-, Garpsdals-, Gufudals-, Flateyjar og Múlasóknir.  
Prestssetur: Reykhólar.
51. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals-, Saurbæjar-, Brjánslækjar-, Haga- og Breiðavíkursóknir.  
Prestssetur: Sauðlauksdalur.
52. Patreksfjörður: Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.  
Prestssetur: Patreksfjörður.
53. Bildudalur: Bildudals-, Selárdals-, Hrafseyrar- og Álftamýrarsóknir.  
Prestssetur: Bildudalur.

X. *Ísafjarðarprófastsdæmi:*

54. Þingeyri: Þingeyrar-, Hrauns-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir.  
Prestssetur: Þingeyri.
55. Holt í Önundarfirði: Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.  
Prestssetur: Holt.
56. Staður: Staðarsókn.  
Prestssetur: Staður í Súgandafirði.
57. Bolungarvík: Hólssókn og Staðarsókn í Grunnavík  
Prestssetur: Bolungarvík.
58. Ísafjörður: Ísafjarðar- og Hnifsdalssóknir og Eyrarsókn í Seyðisfirði.  
Prestssetur: Ísafjörður.
59. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar-, Nauteyrar-, Unaðsdals- og Ögursóknir.  
Prestssetur: Vatnsfjörður.

XI. *Húnavatnsprófastsdæmi:*

60. Hólmavík: Árneshólar-, Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnesssóknir.  
Prestssetur: Hólmavík.
61. Prestsbakki í Hrutafirði: Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.  
Prestssetur: Prestsbakki.
62. Melstaður: Melstaðar-, Hvammstanga-, Staðarbakka- og Efra-Núpsóknir.  
Prestssetur: Melstaður.
63. Breiðabólstaður: Tjarnar-, Vesturhópshóla-, Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusóknir.  
Prestssetur: Breiðabólstaður í Vesturhópi.
64. Þingeyraklaustur: Þingeyra-, Undirfells- og Blönduóssóknir.  
Prestssetur: Steinnes.
65. Bólstaðarhlíð: Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu-, Svinavatns- og Holtastaðasóknir.  
Prestssetur: Bólstaður.
66. Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.  
Prestssetur: Höfðakaupstaður.

XII. *Skagafjarðarprófastsdæmi:*

67. Sauðárkrókur: Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir.  
Prestssetur: Sauðárkrókur.
68. Glaumbær: Glaumbæjar-, Víðimýrar- og Reynistaðarsóknir.  
Prestssetur: Glaumbær.
69. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.  
Prestssetur: Mælifell.
70. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða-, Flugumýrar- og Hofsstaðasóknir.  
Prestssetur: Miklibær.

- 71. Hólar: Hóla-, Viðvikur- og Ripursóknir.  
Prestssetur: Hólar.
- 72. Hofsóss: Hofsóss-, Hof-, Fells-, Barðs- og Knappsstaðasóknir.  
Prestssetur: Hofsóss.

XIII. *Eyjafjarðarprófastsdæmi:*

- 73. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn.  
Prestssetur: Siglufjörður.
- 74. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn.  
Prestssetur: Ólafsfjörður.
- 75. Dalvík: Valla-, Tjarnar-, Urða- og Dalvíkursóknir.  
Prestssetur: Dalvík.
- 76. Hrisey: Hriseyjar-, Stærra-Árskógssóknir.  
Prestssetur: Hrisey.
- 77. Möðruvellir í Hörgárdal: Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisár-  
sóknir.  
Prestssetur: Möðruvellir.
- 78.—79. Akureyri: Akureyrar-, Lögmannshlíðar- og Miðgarðasóknir.  
Prestssetur: Akureyri. Annar hvor prestur Akureyrar skal jafnan hafa  
með höndum þjónustu Miðgarðasóknar í Grimsey.
- 80. Laugaland: Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar-  
og Hólasóknir.  
Prestssetur: Laugaland.

XIV. *Þingeyjarprófastsdæmi:*

- 81. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.  
Prestssetur: Laufás.
- 82. Háls: Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.  
Prestssetur: Háls.
- 83. Staðarfell: Ljósavatns-, Þóroddsstaða- og Lundarbrekkusóknir.  
Prestssetur: Staðarfell.
- 84. Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar-, Viðirhóls- og Möðrudalssóknir.  
Prestssetur: Skútustaðir.
- 85. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarstaða- og Nessóknir.  
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
- 86. Húsavík: Húsavíkur- og Flateyjarsóknir.  
Prestssetur: Húsavík.
- 87. Skinnastaður: Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.  
Prestssetur: Skinnastaður.
- 88. Raufarhöfn: Raufarhafnarsókn.  
Prestssetur: Raufarhöfn.
- 89. Sauðanes: Sauðaness- og Svalbarðssóknir.  
Prestssetur: Sauðanes.

XV. *Reykjavíkurprófastsdæmi:*

Í Reykjavíkurprófastsdæmi skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Kirkjustjórn ákveður takmörk sókna og prestakalla að fengnum tillögum safnaðarráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.) og velur þeim heiti.

2. gr.

Í Reykjavík skal vera safnaðarráð. Skal það skipað formönnum safnaðar-  
nefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er for-

maður ráðsins og kallar það saman. Skytt skal að kalla safnaðarráð saman til fundar, þegar fullur þriðjungur safnaðarrásmanna óskar þess. Verkefni ráðsins eru:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft, sem þörf er, og skal sú skipting miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður eiga sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

#### 3. gr.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkurprófastsdæmis skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Skipta skal prestaköllum, þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 2. gr., 1. tölulið.

#### 4. gr.

Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

#### 5. gr.

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skytt að leggja til ókeypisslóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Nú er presti skytt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá sveitarfélagið skytt að leggja til ókeypisslóð undir íbúðarhús hans.

#### 6. gr.

Biskupi er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestsvígðan mann til sérstakra starfa í Skálholti.

#### 7. gr.

Biskupi er heimilt að ráða 2 prestsvígða menn til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða prestakallið prestslaust af öðrum ástæðum. Skulu þeir taldir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar.

#### 8. gr.

Biskupi er heimilt að ráða prestsvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstörf í söfnuðum landsins. Ráðningartími skal vera allt að þremur árum í senn.

Þá er og heimilt að ráða tvo aðstoðaræskulýðsfulltrúa til starfa með æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar.

#### 9. gr.

Biskupi er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestsvígða menn til sérstakrar sjúkrahúsþjónustu í Reykjavík. Biskup setur þeim erindisbréf.

#### 10. gr.

Heimilt er kirkjustjórninni að ráða til þriggja ára í senn prestsvígðan mann til kirkjulegra starfa meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn og annars staðar á Norðurlöndum eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur honum erindisbréf.

#### 11. gr.

Heimilt er biskupi að ráða prestsvígðan mann til þess að annast og skipuleggja kristilegt starf meðal ísl. sjómanna og annarra þeirra, sem dvelja langtímum saman fjarri heimilum sínum á vertíðum.

#### 12. gr.

Laun og annar kostnaður við embætti þau, er upp eru talin í 6.—11. gr., greiðast úr ríkissjóði skv. úrskurði kirkjumálaráðherra.

#### 13. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkum prestakalla, flytja sókn eða hluta úr sókn úr einu prestakalli í annað, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögsmætum safnaðarfundum. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundur, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, er kirkjustjórn rétt að staðfesta breytingarnar.

#### 14. gr.

Nú er við breytingar þær, sem um ræðir í 13. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í báðum sóknum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er gjaldendur missir, sem svarar þriggja ár lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubygging hafin, og skal þá kirkjumálaráðherra ef honum berst krafa um það, skipa þrjá menn í samráði við biskup til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu réttu við tölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádragnum þriggja ár sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna. — Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er presti þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að annast þar guðsþjónustur án sérstaks endurgjalds.

#### 15. gr.

Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

Nú eyðist kirkjusókn gersamlega af fólki eða söfnuður er orðinn svo fámenntur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Kirkjustjórn ákveður síðan, að fengnum tillögum héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveittist andvirði hennar og sjóður í Hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun kirkjustjórnar. Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

#### 16. gr.

Heimilt er kirkjustjórn að ákveða, að fenginni umsögn sóknarnefnda prestakalls og með ráði sóknarprests og héraðsprófasts, að flytja skulu prestssetur á hentugri stað í prestakallinu. Ákvörðun um þetta efni skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 17. gr.

Viðlend og afskekkt prestaköll skulu njóta staðaruppbótar samkvæmt mati kirkjustjórnarinnar á staðháttum, að fengnum tillögum Prestafélags Íslands.

18. gr.

Nú tekst ekki að fá prestakall skipað er það hefur verið auglýst laust til umsóknar þrisvar, og er þá kirkjustjórn heimilt að sameina það öðru prestakalli eða öðrum. Nú hefur prestakall lagzt niður með þessum hætti og skal það tekið upp að nýju, ef tala íbúa og aðrar aðstæður gera það eðlilegt að mati kirkjustjórnar.

19. gr.

Kirkjustjórnin hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem ákvæði 1. greinar hafa í för með sér, komist á svo fljótt, sem við verður komið eftir gildistöku þessara laga.

20. gr.

Þegar eftir gildistöku þessara laga skulu ákvæði 1. greinar um skipun prófastsdæma koma til framkvæmda, og skulu starfandi prestar í hinum einstöku prófastsdæmum tilnefna prófaste hið fyrsta.

21. gr.

Kostnaður við embættisferðir prófaste innan hvers prófastsdæmis greiðist úr ríkissjóði eftir reikningum, sem ráðherra úrskurðar.

## II. KAFLI

### Um Kristnisjóð.

22. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kristnisjóður.

23. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

- a) Kirkjujarðasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í Kristnisjóð.
- b) Andvirði kirkjujarða, annarra en prestssetursjarða, sem seldar verða eftir gildistöku laga þessara.
- c) Prestakallasjóður. Skal sá sjóður renna í Kristnisjóð.

24. gr.

Tekjur Kristnisjóðs skulu vera:

- a) Arður af stofnfé Kristnisjóðs.
- b) Árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari opinberum kostnaði af þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkvæmt lögum þessum og við síðari breytingar á prestaköllum landsins. Skal miða við full prestslaun með sex ára aldursþækkun, eins og þau eru á hverjum tíma, svo og við áætlaðan opinberan kostnað af prestssetri.
- c) Tekjur þær, sem prestakallasjóður hefur haft.
- d) Önnur framlög, sem ákveðin kunna að vera með lögum.
- e) Frjáls framlög safnaða, einstaklinga og fyrirtækja.

25. gr.

Hlutverk Kristnisjóðs skal vera:

1. Að launa aðstoðarþjónustu presta og guðfræðinga í viðlendum og fjölmönnum prestaköllum. Biskup gerir ráðstöfun um þessa þjónustu í samráði við hlutaðeigandi sóknarpresta og héraðsprófaste.

2. Að launa starfsmenn, sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu þjóðkirkjunnar í heild samkvæmt ákvörðun Kirkjubings. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir af biskupi með samþykki Kirkjuráðs.

3. Styrkja söfnuði, er ráða vilja starfsmenn til starfa á sínum vegum á sviði æskulýðsmála, líknarmála eða að öðrum mikilvægum verkefnum.



4. Veita fátækum söfnuðum starfsskilyrði, einkum á þeim stöðum, sem prestaköll hafa verið sameinuð og kirkjuleg þjónusta er sérstökum erfiðleikum háð.

5. Kosta búferlaflutning guðfræðinga, sem settir eru til þjónustu samkvæmt 1. tölulið.

6. Styrkja námsmenn til undirbúnings undir prestsstarf og önnur kirkjuleg störf.

7. Styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.

#### 26. gr.

Fastir starfsmenn kirkjunnar, sem ráðnir eru til fullrar vinnu skv. 25. gr., skulu njóta réttinda opinberra starfsmanna. Kandidötum skal reiknað til embættisaldurs sú þjónusta, sem þeir kunna að inna af hendi samkv. 25. gr.

#### 27. gr.

Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn Kristni-sjóðs og ber ábyrgð fyrir Kirkjuþingi á stjórn hans.

### III. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

#### 28. gr.

Í lögum þessum merkir orðið „kirkjustjórn“ kirkjumálaráðherra og biskup.

#### 29. gr.

Guðfræðingar mega ekki sækja um prestsembætti innan þjóðkirkjunnar fyrr en þeir hafa gegnt aðstoðarþjónustu samkvæmt 1. tölulið 25. greinar í minnst 6 mánuði.

#### 30. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lög: nr. 31 4. febr. 1952, nr. 68 24. apríl 1954, nr. 18 21. febr. 1956, nr. 17 20. apríl 1959, nr. 20 21. apríl 1960 og nr. 66 27. apríl 1962, svo og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.

#### 31. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1967.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hin öra þróun, sem átt hefur sér stað á flestum sviðum þjóðlifsins á síðustu áratugum, hefur orðið þess valdandi, að nauðsynlegt hefur reynzt að taka til gagngeðrar endurskoðunar ýmis atriði varðandi skipulagsform þjóðfélagsins og færa þau til samræmis við aðstæður þær, sem nú eru fyrir hendi, og sem verða væntanlega fyrir hendi á næstu áratugum. Á sviðum stjórn-sýslu og opinberrar þjónustu við landsmenn má hér nefna: sveitarstjórnarkerfi, dómaskipun, læknaskipun og skipu-lag þjóðkirkjunnar.

Sveitarstjórnarskipun í heild og í einstökum atriðum er nú til athugunar, og er miðað að því að mynda sveitarstjórnarkerfi, er fullnægi betur nútíma þjóðfélags-háttum, m. a. með hliðsjón af tilfærslu fólks milli byggðarlaga í landinu og gjörbreyttri samgöngutækni.

Læknaskipun hefur þegar verið endurskoðuð, og Alþingi samþykkti á s. l. ári ný læknaskipunarlög í samræmi við þær aðstæður, sem eru fyrir hendi í dag og með rúmum heimildarákvæðum varðandi frekari nauðsynlegar breytingar á læknaskipun í landinu.

Skipulag þjóðkirkjunnar er vitanlega orðið mjög úrelt og fullnægir ekki þeim kröfum, sem gera verður til starfsmöguleika þeirrar þjóðkirkju, sem á samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins að njóta stuðnings ríkisvaldsins.

Að athuguðu þessu ástandi skipaði kirkjumálaráðherra hinn 23. apríl 1965 fimm manna nefnd til að endurskoða skipun prestakalla og prófastsdæma, og markaði ráðherra nefndinni starfssvið með svo hljóðandi erindisbréfi:

„Verkefni nefndarinnar er að athuga, hvort þörf er á að breyta þeirri prestakallaskipun, sem nú er ákveðin í lögum, og, ef hún telur slíka þörf fyrir hendi, að gera rökstuddar og sundurliðaðar tillögur um nauðsynlegar breytingar.

Nefndin skal hafa í huga þau megin sjónarmið að starf hinnar íslensku þjóðkirkju nái til landsmanna allra, þannig að enginn maður verði afskiptur að því er varðar kirkjulega þjónustu, og að hver einstakur prestur og prófastur þjóðkirkjunnar hafi nægilegt starfssvið í samræmi við menntun og starfsorku, að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa á hverjum stað.

Nefndin skal gera tillögur um skipun prófastsdæma, er nauðsynlegar kunna að verða í sambandi við tillögur, er nefndin kann að gera um breytingar á skipun prestakalla.“

Nefndin tók til starfa í júní 1965 og lauk störfum í marz 1966. Var hún þannig skipuð: Ásgeir Pétursson sýslumaður, formaður, séra Ingólfur Ástmarsson biskupsritari, ritari, Ólafur Björnsson fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Páll Kolka fyrrv. héraðslæknir og séra Sigurður Einarsson, Holti. Starfshættir nefndarinnar voru þeir, að í upphafi, sumarið 1965, var einstökum nefndarmönnum falið að kanna aðstæður í ýmsum tilteknum landshlutum, og var hverjum nefndarmanni falið að kanna tiltekið svæði á landinu. Síðan fóru nefndarmenn um landið, ræddu við klerka og leikmenn á hverjum stað, en að því loknu gáfu nefndarmenn nefndinni í heild skýrslur um aðstæður og gerðu tillögur til nýrrar skipunar prestakalla og prófastsdæma í þeim landshlutum, sem þeim hafði verið falið að athuga. Að fengnum upplýsingum einstakra nefndarmanna tók nefndin í heild til athugunar tillögur um framtíðarskipun prestakalla og prófastsdæma á landinu öllu, og farið var yfir gildandi lög um þessi efni og jafnframt gengið frá tillögum um æskilegar breytingar frá núverandi skipun, lið fyrir lið, með hliðsjón af þjóðfélagsaðstæðum í dag og væntanlegu viðhorfi á komandi árum.

Að nefndarstörfum loknum, hinn 28. marz 1966, skilaði nefndin *einróma* álit til kirkjumálaráðherra í lagafrumvarpsformi, og skiptist nefndarálitid í 4 megin-kafla:

1. Almenn greinargerð.
2. Texti lagafrumvarps.
3. Athugasemdir við einstakar greinar lagafrumvarpsins.
4. Fundargerðir nefndarinnar.

Að fengnu þessu nefndarálitu ákvað kirkjumálaráðherra að kynna það biskupi, öllum starfandi prestum þjóðkirkjunnar, kirkjuráði, kirkjuþingi og alþingismönnum, en jafnframt ákvað ráðherra að taka fyrst afstöðu til málsins í heild og í einstökum atriðum að fengnu álitu prestastefnu, kirkjuráðs (og þar með biskups) og kirkjuþings. Þessir aðilar hafa nú haft málið til athugunar og gert ýmsar breytingatillögur við tillögur þær, er prestakallanefnd skilaði til ráðherra hinn 28. marz 1966.

Í frumvarpi því, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er byggt í meginatriðum á tillögum prestakallanefndar. En ýmsar breytingar hafa á orðið í meðferð ráðuneytisins eftir athugun málsins hjá prestastefnu, kirkjuráði og á kirkjuþingi.

Núgildandi lög um skipun prestakalla og prófastsdæma eru lög nr. 31 4. febrúar 1952 með breytingum skv. l. nr. 68/1954, 18/1956, 17/1959, 20/1960 og 66/1962. Samkvæmt lögum þessum er prófastsdæmi nú 21, prestaköll utan Reykjavíkur 109 og prestaköll í Reykjavík 18 (af 18 prestaköllum í Reykjavíkurprófastsdæmi er þó aðeins búið að skipa í 15, sbr. auglýsingu nr. 154/1963).

Með lagafrumvarpi því, er hér liggur fyrir, er lagt til, að prófastsdæmum verði fækkað úr 21 í 15, en prestaköllum utan Reykjavíkur úr 109 í 89.

Þrátt fyrir fækkun þessa og sparnaði í launagreiðslum og öðrum greiðslum, sem er samfara henni, er ekki ætlunin að skerða starfsfé þjóðkirkjunnar.

Í fyrsta lagi eru ákvæði í 6.—11. grein frumvarpsins um að fjölga þeim prests-embættum, sem ekki eru bundin við sérstök prestaköll, og í öðru lagi er lagt til, að beinn sparnaður, sem hlýzt af fækkun prestakalla, renni til kristnisjóðs, sem nánar er getið um hér á eftir.

Þá ber einnig að geta þess, að mörg þeirra prestakalla, sem nú er lagt til að sameina öðrum köllum, hafa verið prestslaus árum eða jafnvel áratugum saman. Þannig má segja, að meginstefna frumvarpsins sé í raun og veru sú að viðurkenna staðreyndir, sem þegar liggja fyrir, og samræma skipulag þjóðkirkjunnar í verulegum atriðum því þjóðfélagsástandi, sem fyrir hendi er í dag.

Annar kafli þessa frumvarps fjallar um *kristnisjóð*.

Kafli þessi er saminn með hliðsjóð af ályktun IV. kirkjuþings, sem háð var í Reykjavík 25. október til 6. nóvember 1964, en ályktun þessi var lögð fyrir kirkjuþing af biskupi, og var jafnframt ætlað til þess, að kirkjuþing tæki afstöðu til þess, hvort rétt þætti að fækka prestaköllum með því að sameina þau öðrum. Kirkjuþing tók þá ekki afstöðu til þess síðarnefnda atriðis, og skipaði kirkjumálaráðherra nefnd til að gera tillögur um framtíðarskipun prestakalla vorið 1965, svo sem áður er rakið.

Ofanefndri ályktunartillögu, sem kirkjuráð og biskup lögðu fyrir kirkjuþing 1964, fylgi svo hljóðandi greinargerð:

„Tillaga þessi til þingsályktunar hefur tvær meginforsendur. Önnur er sú, að prestakallaskipun landsins er að ýmsu leyti úrelt, og valda því hinir miklu tilflutningar fólks á undanförunum áratugum. Um langt skeið hefur reynzt mjög örðugt að fá mörg prestaköll skipuð, einkum þau, sem fámennust eru og afskekktust, enda hafa prestssetrin að jafnaði komið í niðurníðslu á þessum stöðum, húsum og öðrum mannvirkjum ekki verið haldið við og sums staðar hafa prestssetursjarðirnar verið hlutaðar sundur með þeim hætti, að sá hluti þeirra, sem prestir er ætlaður, er stórum óhentugri eftir. Er ekki fyrirsjáanlegt, að úr þess rætist á næstunni, svo að þau embætti, sem hér er um að ræða, komi kirkjunni að notum. Með tilliti til þess, hve breytingar eru örar í landinu þessi árin og hve mörg eru verkefnin, sem kirkjan þarf að takast á við með tímabærum hætti, er það auðsætt, að hún þarf að yfirvega nýtingu þeirra starfskrafta, sem hún hefur á að skipa. Hún þarf að leita nýrra úrræða til þess að sjá afskekktum byggðarlögum fyrir þjónustu. Mundi hvort tveggja þetta komast í nýtt og betra horf, ef lög yrðu sett í samræmi við þessa tillögu. Má í því sambandi og telja mikilvægt, að leið yrði opnuð til þess að kandidatar í guðfræði gætu fengið nokkra starfsreynslu áður en þeir taka ábyrgð á embætti. Mun það ekki eiga sér stað í kirkjum annarra þjóða, að menn séu sendir beint frá prófborði til þess að takast á hendur prestsembætti með fullri ábyrgð án undanfarins reynslutíma. En svo hefur þetta verið hér á landi.

Hin forsendan er sú, að sjóður sá, sem hér er um að ræða, mundi veita kirkjunni nokkurt aukið svigrúm til starfa. Hann yrði visir að dálitlum, sjálfstæðum fjárráðum, er Kirkjuþing bæri ábyrgð á og hefði ráðstöfunarrétt yfir og gæti notað til þess að örva og styrkja ný tök í kirkjulegri starfsemi, svo og til þess að launa menn til nauðsynlegra starfa í þágu þjóðkirkjunnar, án þess að eiga um það undir löggjafarvaldið að sækja hverju sinni. Þetta mundi styrkja stöðu Kirkjuþings og

veita því allmiklu traustari fótfestu. Fjarráð sjóðsins yrðu að sönnu ekki svo mikil, að hann gæti lyft Grettistökum. En þó væri honum skv. tillögu þessari séð fyrir tekjum, er mættu nýtast til mikils góðs, ef vel væri á haldið. Munar þar mest um það opinbera framlag, sem gert er ráð fyrir, en þar er aðeins um fé að ræða, sem kirkjunni ber hvort eð er, og eru því ekki gerðar með þessu auknar kröfur, ríkis-sjóðs.

Flutningsmaður hefur ekki talið rétt að flytja að svo stöddu tillögu um önnur, lögmælt framlög til sjóðsins, en slíkur tekjuauki gæti komið til greina, þótt síðar yrði og þótti sýnt að benda á þann möguleika. Það liggur fyrir að finna tekju-stofn handa þjóðkirkjunni, sérstaklega með tilliti til stórframkvæmda safnaða, svo sem bygginga kirkna og viðhalds þeirra. Skal það skýrt tekið fram hér í greinargerð, að þessi tillaga er alls ekki flutt með hliðsjón af tillögu til þingsályktunar, sem síðasta Alþingi samþykkti um það efni, og mun Kirkjuþing fjalla um það á öðrum grundvelli. Sanngjarnt þykir, að Kirkjujarðasjóður, sem stofnaður var á sínum tíma til þess að auðvelda kirkjunni hagstæðari not af jarðeignum sínum, verði látinn renna inn í kristnisjóð, og að verð seldra kirkjujarða hverfi þangað eftirleiðis. Þá er ráð fyrir því gert, að söfnuðir landsins vilji styrkja sjóðinn með frjálsum framlögum og væri eðlilegt, að fjársöfnunardagur væri árlega honum til ágóða. Gengið er út frá því, að þetta Kirkjuþing geri tillögu um, hvaða prestaköll skuli nú þegar numin úr lögum og upphæð sú, er þar með losnar, lögð til kristnisjóðs. Að sjálfsgöðu verður að ganga út frá því, að ákvæði gildandi laga um skipun prestakalla, þar sem kveðið er á um meðaltölu safnaðarmanna á hvern þjónandi prest í Reykjavík og í kaupstöðum, standi óhöggud og verði framkvæmd lögum samkvæmt, þótt sú lagasetning, sem hér er lögð til, nái fram að ganga.“

Fyrir kirkjuþing 1966 lagði kirkjuráð tillögu, sem efnislega er að miklu leyti í samræmi við frumvarp það, er hér liggur fyrir, og var hún samþykkt af kirkjuþingi með nokkrum breytingum.

Þriðji kafli þessa frumvarps hefur inni að halda almenn ákvæði um gildistöku og um það, hvaða lagaákvæði skuli felld úr gildi, ef frumvarpið verður samþykkt að öðru leyti.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar í frumvarpinu.

#### *Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### **Um 1. gr.**

Í þessari grein er meginefni frumvarpsins, skrá um prófastsdæmi og prestaköll. Prófastsdæmi eru nú 21 að tölu, en lagt er til, að þau verði framvegis 15, enda var skipun prófastsdæma ekki breytt á árinu 1952, þegar allmiklar breytingar voru gerðar á breytingu prestakalla. Skv. frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

Norður-Múlaprófastsdæmi verði stækkað um 1 prestakall (3 sóknir), þ. e. Vallaness-, Þingmúla og Egilsstaðasóknir í núverandi Vallanessprestakalli, þannig að allt Fljótsdalshérað verði framvegis í prófastsdæmi þessu.

Suður-Múlaprófastsdæmi minnkar vegna stækkunar á Norður-Múlaprófastsdæmi. Skaftafellsprófastsdæmin tvö verði sameinuð í eitt prófastsdæmi, samtals 5. prestaköll.

Mýra- og Borgarfjarðarsprófastsdæmi verði sameinuð.

Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi verði sameinuð.

Ísafjarðarsprófastsdæmin verði sameinuð.

Stranda- og Húnavatnsprófastsdæmin verði sameinuð.

Þingeyjarprófastsdæmin tvö verði sameinuð.

Prestaköll, sem lögð eru niður (sameinuð öðrum), eru þessi:  
Kirkjubær (sameinað Eiðum og Egilsstöðum).  
Hof í Öræfum (sameinað Kálfafellsstað).  
Ásar (sameinað Klaustri og Vík).  
Fellsmúli (sameinað Kirkjuhvoli).  
Skarð í Gnúpverjahreppi (sameinað Hruna og Skálholti).  
Þingvellir (sameinað Mosfelli í Grímsnesi og Mosfelli í Mosfellssveit).  
Staðarhraun (sameinað Borg og Miklholti).  
Hvammur í Dölum (sameinað Hvoli í Saurbæ og Kvennabrekku).  
Flatey á Breiðafirði (sameinað Reykhólum).  
Brjánslækur (sameinað Sauðlauksdal).  
Hrafseyri (sameinað Bildudal).  
Núpur (sameinað Þingeyri).  
Staður í Grunnavík (sameinað Bolungarvík).  
Ögurþing (sameinað Ísafirði og Vatnsfirði).  
Árnes (sameinað Hólmavík).  
Tjörn á Vatnsnesi (sameinað Breiðabólsstað í Vesturhópi).  
Hvammur í Laxárdal (sameinað Sauðárkróki).  
Barð í Fljótum (sameinað Hofsósi).  
Grímsey (sameinað Akureyri).

Í stað Kirkjubæjarprestakalls verður stofnað nýtt prestakall að Egilsstöðum á Völlum með hinni nýju Egilsstaðasókn, ásamt Eiríksstaða- og Hofteigssóknum. Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir fylgja Eiðum.

**Um 2. gr.**

Samhljóða nógildandi lögum, nema að því leyti, að bætt er við ákvæði um skyldu til að kalla saman safnaðarráð, ef þriðjungur safnaðarráðsmanna krefjist þess.

**Um 3. gr.**

Óbreytt frá nógildandi lögum, nema Reykjavíkurprófastsdæmi kemur í stað Reykjavíkur.

**Um 4. gr.**

Óbreytt.

**Um 5. gr.**

Bætt við núverandi reglur ákvæði um að kirkjur skulu undanþegnar gatna-gerðargjaldi.

**Um 6. gr.**

Greinin er nýmæli.

**Um 7. gr.**

Gert ráð fyrir að fjölga megi svonefndum farprestum í 2.

**Um 8. gr.**

Bætt við heimild til að ráða tvo menn til aðstoðar æskulýðsfulltrúa.

**Um 9. gr.**

Nýmæli, heimild til að ráða presta til sjúkrahússþjónustu. Við slíka þjónustu hefur undanfarið starfað einn fyrrverandi prestur gegn lítills háttar þóknun til viðbótar eftirlaunum.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir að lögfesta embætti prests í Kaupmannahöfn, er starfi meðal Íslendinga þar og annars staðar á Norðurlöndum. Til þessara starfa hefur verið ráðinn prestur frá miðju ári 1964, og laun hans og embættiskostnaður greitt skv. sérstökum fjárveitingum.

Um 11. gr.

Heimild skv. greininni til að ráða prest til starfa meðal sjómanna er nýmæli.

Um 12. gr.

Rétt þykir að skýrt ákvæði sé varðandi greiðslu launa og embættiskostnað presta, sem gegna ekki sérstökum prestaköllum.

Um 13. gr.

Samhljóða 9. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Samhljóða 10. gr. í gildandi lögum.

Um 15. gr.

Samhljóða 11. gr. í gildandi lögum.

Um 16. gr.

Samhljóða 1. mgr. 12. gr. í gildandi lögum, þó þannig, að í stað tillagna sóknarnefnda komi framvegis umsögn sóknarnefnda.

Um 17. gr.

Nýmæli. Gert er ráð fyrir að staðaruppbót geti fylgt viðlendum og afskekktum prestaköllum. Ákvæði er hliðstætt samsvarandi ákvæði í læknaskipunarlögum.

Um 18. gr.

Nýmæli. Heimild til að leggja niður prestaköll, ef ekki tókst að fá þau skipuð, en jafnframt heimild til að endurstofna þau síðar, ef aðstæður breytast.

Um 19.—21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 22.—27. gr.

Varðandi þessar greinar vísast til almennra athugasemda hér að framan, sbr. greinargerð Kirkjuráðs til Kirkjuþings 1964. Þó skal þess getið, að Kirkjuráð gerði í tillögum sínum ráð fyrir, að Kirkjuþing ráðstafaði fé kristnisjóðs, en í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að Kirkjuráð hafi stjórn um umsjá sjóðsins, en beri ábyrgð fyrir Kirkjuþingi á stjórn sjóðsins.

Um 28.—33. gr.

Þarfnast ekki skýringa.